

hafi sætt hegningu eða ákæru fyrir nokkurt lagabrot innan Þingeyjarsýslu.

Því úrskurðast :

Undirdómaranum ber sem fyrst að útvega framangreindar skýrslur og aðrar þær upplýsingar, sem þær kunna að gefa tilefni til.

Mánudaginn 13. októbermán.

Nr. 27/1884.

Snorri prestur Norðfjörð

gegn

verzlunarstjóra H. Thejll fyrir hönd
H. A. Clausens verzlunar á Búðum.

Úrskurður:

Áfrýjandi þessa máls, Snorri prestur Norðfjörð á Hítarnesi, hefur, eptir að hafa fengið uppreisn og gjafsókn, skotið til yfirdómsins dómi hjeraðsdómarans í Snæfellsness- og Hnappadalssýslu, gengnum 28. nóvbr. 1881, með hverjum hann var dæmdur til að greiða hinum stefnda 104 kr. 79 a., með 5^o/_o vöxtum frá sáttakærudegi, og í málskostnað 200 kr. 61 eyri, samt enn fremur allan af sökinni framvegis leiðandi löglegan kostnað. Svo hefur hann og jafnframt áfrýjað fógetagjörð, framkvæmdri samkvæmt dómi þessum 6. sept. 1882. Hefur hann til bráðabyrgða fyrir yfirdóminum krafizt, og hinn áfrýjaði dómur verði dæmdur ómerkur svo að hin áfrýjaða fógetagjörð, og að hinn stefndi verði dæmdur til að greiða sjer málskostnað bæði fyrir undir- og yfirdómi eptir mati yfirdómsins. En geti yfirdómurinn ekki tekið

þessa kröfu til greina, hefur hann beðið um frest til að sækja málið að aðalefninu til. Hinn stefndi hefur aptur á móti mótmælt þessari kröfu, en yrði þessi mótmæli hans ekki tekin til greina, hefur hann krafizt, að málinu verði vísað frá yfirdómi, og hinum stefnda dæmdur hæfilegur málskostnaður.

Að því fyrst snertir frávisunarkröfu hins stefnda, þá getur hún ekki komið til álita fyrir þá sök, að hinn stefndi hefur hagað málsfærslu sinni þannig, að þessa kröfu verður að skoða sem varakröfu, í stað þess, að hún hefði átt að vera aðalkrafa hans.

Áfrýjandi hefur sem ástæðu fyrir ómerkingarkröfu sinni talið, að hinn áfrýjandi dómur sje uppkveðinn á skrifstofu sýslumannsins í Stykkishólmi, þótt áfrýjandinn sje búsettur að Hítarnesi, og sje hann því ekki uppkveðinn í þeirri þinghá, sem bústaður áfrýjanda sje í. En með því tilskipun 15 ágúst 1832, 16. gr. ekki fyrirskipar aðrar reglur fyrir dómsuppsögn, en að dómurinn undireins og hann hefur samið dóminn, og bókað hann eins og vera ber, skuli láta stefnuvottana birta hann fyrir málsþörtunum, þá verður ekki betur sjeð, en að undirdómaranum hafi verið heimilt að uppkveða dóminn í máli þessu á skrifstofu sinni, enda er dómurinn birtur áfrýjandnum af stefnuvottum skömmu éptir að hann var kveðinn upp. Krafa áfrýjanda um ómerking dómsins verður þannig ekki tekin til greina, en honum veitist frestur í 14 daga til þess að sækja málið að aðalefninu til.

Því úrskurðast:

Ómerkingarkrafa áfrýjandans verður ekki tekin

til greina, en honum veitist 14 daga frestur til að sækja málið að aðalefninu til.

Mánudaginn 3. nóvembermán.

Nr. 39/1883

Rjettvísing

gegn

Þorsteini Guðmundsen.

Úrskurður:

Áður fullnaðardómur verði lagður á þetta mál, er nauðsynlegt að útvega þær ýtarlegri sannanir og skýringar, sem nú skal greina:

Hinn ákærði, Þorsteinn Guðmundsen, hefur borið:

- a, að hann hafi hlaðið hina tvíhleypu byssu, er hann særði þá Hallgrím Jónsson og Nikulás Árnason með, rjett áður en hann sendi skotin á eptir þeim;
- b, að hann einungis hafi hlaðið byssuna með púðri, þótt verið geti, að nokkur högl hafi slæðst með í skotin, því nokkur högl hafi verið innan um púðrið;
- c, að púðrið hafi verið í gömlu horni (púðurhylki).

Með því það virðist mjög ósennilegt, að hinn ákærði hafi getað hlaðið bæði hlaup byssunnar á svo stuttum tíma, sem virðist hafa liðið frá því hann fór inn í húsin og þangaðtil skotin riðu af, eða á þeim tíma, er menn þurfa til þess að ganga 40 faðma, verður;

- 1., að útvega skýrslur hlutadeigenda um, hve langur tími muni hafa liðið, frá því hinn ákærði fór inn í hið svo nefnda enska pakkhús og þangaðtil skotin riðu af, og er mjög áriðandi, að um þetta atriði fáiist nákvæm skýrsla.